



Alþingi
Erindi nr. P 140/928
komudagur 26.1.2012

Gára ehf.

-agents and shipbrokers-
Bæjarhrauni 2, IS-220 Hafnarfjörður, Iceland
Telephone no. +354-581-1688, Telefax no. +354-581-1685
e-mail: gara@centrum.is

26. janúar 2012

ALÞINGI,
efnahags – og viðskiptanefnd,
b.t. skjalaskráningar nefndasviðs, (nefndasvid@althingi.is)
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni : Um 367. mál – Breytingar á tollalögum

Efnahags og viðskiptanefnd hefur nú til umfjöllunar 367. mál er varðar ýmsar breytingar á tollalögum.

Það er ekki meining undirritaðs að fjalla um þær, heldur beina þeirri fyrirspurn til nefndarinnar hvort ekki væri hægt að fella eina breytingu í viðbót inn í þetta frumvarp.

Þessi breyting er skv. frumvarpi þriggja nefndarmanna, skv. þingskjali 171, 169. mál og fjallar um það að bæta inn einni setningu um erlend skemmtiferðaskip inn í tollalögin.

Þessi breyting skýrir sig sjálf í greinargerð flutningsmanna, en slík breyting mun einfalda erlendum útgerðum skemmtiferðaskipa, sem hingað koma á sumrin, að auka straum erlendra ferðamanna til landsins.

Virðingarfyllst,


Sigvaldi Hrafn Jósafatsson